

Reglugerð um AMF World Cup forkeppni

1. grein

Keppt er samkvæmt almennum keppnisreglum KLÍ (byggðum á almennum keppnisreglum FIQ/WTBA).

2. grein

Mótið er opið og þátttaka er öllum heimil. Konur fá 8 pinna í forgjöf fyrir hvern leik.

3. grein

Keppnin fer fram í 3 stökum mótum. Í hverju af 3 mótunum skal keppt í 6 leikja seríum og verða að lágmarki 2 riðlar í boði. Keppa má oftast en einu sinni og ræður besta sería röðun keppenda eftir forkeppnina. Eftir síðasta riðil fara 10 efstu leikmenn í úrslit og spila allir við alla (Round Robin).

Á stig hvers leiks eftir leikina bætast bónusstig þannig:

Fyrir sigur í leik fást 20 bónusstig

fyrir jafntefli í leik fást 10 bónusstig

Stigagjöf fyrir hvert mót skal vera eftirfarandi (eftir Round Robin)

1. sæti – 12 stig

2. sæti – 10 stig

3. sæti – 8 stig

4. sæti – 7 stig

5. sæti – 6 stig

6. sæti – 5 stig

7. sæti – 4 stig

8. sæti – 3 stig

9. sæti – 2 stig

10. sæti – 1 stig

4. grein

Ef skera þarf úr um jafntefli í sætaröðun þá skal síðasti leikur látinn gilda þ.e. sá/sú sem er með hærri leik hlýtur efra sætið. Ef hann er jafn hár er farið í leikinn á undan og síðan koll af kalli.

5. grein

Önnur forkeppnin telst vera forkeppnin í RIG mótinu. Sætaröðun eftir round robin í RIG mótinu ákvarðar stigagjöf fyrir aðra forkeppni AMF World Cup forkeppni á Íslandi.

6. grein

Í þriðju umferð skal veita verðlaun fyrir 12 efstu keppendur miðað við forgjöf eftir forkeppni þeirrar umferðar. Forgjöfin er 80% af mismun meðaltals 200, þó forgjöfin sé neikvæð. (Konur fá ekki auka 8 pinna á leik með almennri forgjöf)

7. grein

Að loknum þessum þremur mótum raðast keppendur í röð eftir samanlögðum stigafjölda úr öllum mótunum. Ef skera þarf um sætaröðun skal síðasta mót látið gilda þ.e. sá/sú sem er með fleiri stig hlýtur efra sætið. Ef þeir voru jafnir skal skoða mótið á undan.

Í undanúrslitum spila keppendur allir við alla, einfalda umferð. Á stigin fyrir leikina bætast bónusstig þannig:

Fyrir sigur í leik fást 20 bónusstig

fyrir jafntefli í leik fást 10 bónusstig

Að loknum þessum leikjum fara 4 efstu keppendurnir í úrslit.

8. grein

Í úrslitum er spilað með Stepladder fyrirkomulagi þ.e. 4 sætið keppir við 3 sætið og sigurvegari úr þeirri viðureign spilar við þann sem varð í 2 sæti og sigurvegari þeirrar viðureignar spilar við þann sem endaði í 1 sæti eftir forkeppni. Einn leikur í hverri viðureign.

9. grein

Erlendir leikmenn sem taka þátt í forkeppnum teljast ekki með þegar stigum er úthlutað.

10. grein

Sigurvegari mótsins vinnur sér inn keppnisrétt á næsta AMF World Cup, hótél gistingu og flug á staðinn.

Sá aðili af gagnstæða kyninu sem verður efstur/efst vinnur sér inn keppnisrétt á næsta AMF World Cup og hótél gistingu. Til að öðlast þátttökurétt þarf viðkomandi að hafa náð í top 9 í einhverri undankeppninni.